

**FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR**

Mánudaginn 10. maí 2010 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu sveitarfélagsins

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Sveinsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Aðalskipulag Skagastrandar 2010-2022**

Fyrir fundinum lá greinargerð, umhverfisskýrsla, sveitarfélagsuppdráttur og þéttbýlisuppdráttur Aðalskipulags Skagastrandar 2010 – 2022. Einnig lá fyrir fundinum fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 6. maí 2010. Skipulags og byggingarnefnd leggur til að auglýst verði tillaga að aðalskipulagi sveitarfélagsins fyrir 2010-2022, sbr. 17. gr. skipulagslaga nr. 73/1997. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn og samþykkti að auglýsa skipulagið.

**2. Ársreikningar sveitarsjóðs og stofnana 2009**

Á fundinn mætti Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi sveitarfélagsins og kynnti ársreikning fyrir árið 2009 og fór yfir helstu lykiltölur hans.

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar eftir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 71 mkr. en var fyrir afskriftir og fjármagnsliði jákvæð um 24,7 mkr. Rekstrartekjur voru 434 mkr. og rekstrargjöld 431,3 mkr.

Eigið fé samstæðu í árslok 2009 nam 1.133,1 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi, Eiginfjárlutfall samstæðu var 72,9% í lok árs 2009 en var 70,4% árið 2008. Veltufjárlutfall samstæðu nam 16,71%

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri samstæðunnar 139,6 mkr. og handbært fé frá rekstri 113,6 mkr. Engin ný lán voru tekin á árinu. Handbært fé samstæðunnar hækkaði um 14,3 mkr. á árinu og handbært fé nam 782 mkr. í árslok.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti að vísa honum til annarrar umræðu á næsta fundi.

**3. Ljósmyndasafn Skagastrandar**

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra þar sem lagt er til að fylgt verði eftir uppsetningu á ljósmyndavef sveitarfélagsins með skönnun og skráningu mynda inn á vefinn. Til að sinna verkinu verði ráðinn starfsmaður í hálf starf í þrjá mánuði. Sveitarstjórn ræddi málið en samþykkti síðan að setja verkefnið af stað í samræmi við þær fyrirætlanir sem lýst er í minnisblaðinu.

**4. Erindi SAH afurða**

Í bréfi sem Sigurður H. Jóhannesson ritar fyrir hönd SAH afurða er sveitafélögum í Austur Húnavatnssýslu boðið að kaupa hluti félagsins í Ámundakinn ehf. Andvirði þeirra bréfa sem óskað er eftir að sveitarfélagið kaupir er 7,5 milljónir króna. Sveitarstjórn ræddi málið og frestaði afgreiðslu þess en samþykkti að óska eftir frekari upplýsingum.

**5. Samkomuhúsbragginn, Oddagötu 6**

Fyrir fundinum lágu drög að afsali og samstarfsyfirlýsingu milli sveitarfélagsins og Menningarfélagsins Spákonuarfs þar sem Spákonuarfi er afhentur Samkomuhúsbragginn að Oddagötu 6 fyrir framtíðarstarfsemi félagsins. Adolf lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið og vék af fundi en Birna tók við stjórn fundarins.

Í afsali kemur fram að eigninni er afsalað í því ástandi sem hún er og andvirði eignarinnar sé framlag sveitarfélagsins til starfsemi Menningarfélagsins Spákonuarfs. Í meðfylgjandi yfirlýsingu sem er hluti afsalsins er skilgreint hvert framtíðarhlutverk hússins muni verða og að sveitarfélagið eigi forkaupsrétt að húsinu ef aðstæður menningarfélagsins breytast. Sveitarstjórn fjallaði um fyrirbyggjandi gögn og þá tillögu sem í þeim er fólgin að afsala eigninni til Menningarfélagsins Spákonuarfs. Tillagan var rædd og gerðar á henni nokkrar breytingar en hún var síðan samþykkt og sveitarstjóra heimilað að undirrita afsal og önnur gögn sem málið kann að varða.

## **6. Fjallskilamál**

Fyrir fundinum lágu samningsdrög sem kynnt voru á fundi 15. desember 2009 um fjallskilamál. Í samningsdrögunum er fjallað um hvernig smölun á afréttum Skagastrandar og Skagabyggðar verði sameinuð þannig að fjallskiladeildir Vindhælinga og Skagamanna taki að sér að smala afrétt Skagastrandar en fjáreigendur á Skagaströnd taki þátt í fjallskilum eins og eðlilegt má telja. Sveitarstjórn ræddi málið en samþykkti síðan samninginn fyrir sitt leyti.

## **7. Bréf:**

a. Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi, dags. 19. nóv. 2009

Með bréfinu sem er undirritað af Elínu S. Sigurðardóttur er þess farið á leit við sveitarstjórn að Sveitarfélagið Skagaströnd verði formlegur aðili að stofnuninni og bent á að sveitarfélagið hafi frá upphafi stutt við rekstur þess í gegnum Héraðsnefnd A-Hún. Sveitarstjórn ræddi erindið en samþykkti síðan erindið og að gerast stofnaðili.

b. Umhverfisráðuneytisins, 6. apríl 2010

Með bréfinu er gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu ráðuneytisins að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn að Neðri Harrastöðum þar til nýr urðunarstaður verði opnaður að Sölvabakka en eigi síðar en 1. janúar 2011. Sveitarfélaginu er jafnframt gert að skila inn áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarstaðarins. Bréfið var til kynningar.

c. Línudanshóps Skagastrandar, dags. 20. apríl 2010

Í bréfinu er gerð grein fyrir starfsemi línudanshópsins og óskað eftir 100 þús. kr. fjárstuðningi við starf og verkefni hópsins sem m.a. hyggst gefa út mynddisk um dansinn. Jensína lýsti sig vanhæfa til að fjalla um erindið. Sveitarstjórn samþykkti erindið.

d. Sambands ísl. sveitarfélaga, 28. apríl 2010

Með bréfinu er gerð grein fyrir áætlun um kostnað við undirbúning og framkvæmd hauggasmælinga og mælingarnar sjálfar sem fyrirhugaðar eru á urðunarstöðum á Norðurlandi vestra. Áætlaður kostnaður er umtalsverður og urðunarstaðurinn þannig frágengin að mjög ólíklegt er að þar sé mælanlegt gas. Sveitarstjórn ræddi málið og taldi ekki forsendur til að gera gasmælingar. Því var sveitarstjóra falið að fara yfir málið með Lúðvík E. Gústafssyni verkefnisstjóra hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í ljósi þeirrar umræðu sem varð á fundinum.

e. Velferðarvaktarinnar, dags. 20. apríl 2010

Með bréfinu eru sveitarstjórnir og barnaverndarnefndir hvattar til að beita sér fyrir aukinni umræðu meðal starfsmanna og kjörinna fulltrúa um fjölbreytileg úrræði til að koma til móts við þarfir barna og barnafjölskyldna í ljósi erfiðleika í kjölfar efnahagshrunsins. Bréfið var til kynningar.

f. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, dags. 29. apríl 2010

Með bréfinu er leitað umsagnar nokkurra aðila um fyrirhugaðar takmarkanir á veiðum með dragnót. Á Húnaflóa muni gilda eftirfarandi ákvæði:

- I. Húnaflóa: Lína verði dregin úr norðurenda Fáskrúðsskers til austur yfir Húnaflóa í Sölvabakka. Innan þeirrar línu verði veiðar með dragnót óheimilar allt árið.
- II. Miðfjörður og Hrutafjörður: Lína verði dregin þvert yfir báða firðina eftir 65°27'N.brd. og innan þeirrar línu verði veiðar með dragnót óheimilar allt árið.
- III. Auk þess verði bátum stærri en 22 metrar, að mestu lengd óheimilar veiðar með dragnót allt árið á Húnaflóa sunnan línu sem dregin er eftir 66°00'N. brd.

Sveitarstjórn ræddi fyrirhugaðar takmarkanir á dragnótaveiðum og samþykkti að gera ekki athugasemdir við áætlaðar lokanir heldur hvetja ráðuneytið til að standa fast gegn veiðum með dragnót á grunnslóðum sem oftast eru viðkvæmar uppeldisstöðvar nytjastofna.

#### 8. Fundargerðir:

1. Skipulags- og byggingarnefndar, 6.05.2010

Fundargerðin var samþykkt.

2. Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún, 4.05.2010

Fundargerðin var til kynningar.

3. Stjórna Byggðasamlags um menningar og atvinnumál, 17.03.2010

Fundargerðin var til kynningar.

4. Stjórna Byggðasamlags um menningar og atvinnumál 13.04.2010

Fundargerðin var til kynningar.

5. Menningarráðs Norðurlands vestra, 24.03.2010

Fundargerðin var til kynningar.

#### 6. Önnur mál

Sigríður vakti máls á að ganga þurfi frá merkingum við vatnsból og vatnsverndarsvæði. Sveitarstjóra falið að fá skilgreiningar á slíkum merkingum.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11<sup>15</sup>

Adolf H. Berndsen,

Jensína Lýðsdóttir,

Birna Sveinsdóttir,

Sigríður Gestsdóttir,

1112-47

**Sveitarstjórn Skagastrandar**  
**Fundargerðir**

Gunnar Sveinsson,

Magnús B. Jónsson.